

Sþ.

54. Tillaga til þingsályktunar

um hlutleysi útvarpsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja hlutleysi útvarpsins frá því, sem nú er, m. a. með því að láta fara fram fullkomna ritskoðun á öllu útvorpsefni undir yfirumsjón útvarpsráðs og á þess ábyrgð.

Greinargerð.

Eftir að Alþingi tók til starfa í haust, hefur gætt mikillar opinbærrar gagnrýni varðandi starfsemi útvarpsins. Alþýðublaðið, Dagur, Morgunblaðið, Timinn og Visir hafa flutt harðorðar og rökstuddar ádeilugreinar um þetta efni. Auk þess hafa tvö stjórnmálfélög í bænum, Óðinn og Vörður, samþykkt opinber mótmæli gegn hlutrægum fréttatflutningi útvarpsins. Útvarpsráð tók málið til meðferðar og fól formanni sínum að gera ráðstafanir til að hindra hinum átoldu misfellur. Þessi viðleitni útvarpsráðs bar bó ekki tilætlaðan árangur, því að skömmu eftir að útvarpsráð hafði byrjað að skipta sér af misfellunum, notaði einn af starfsmönnum útvarpsins fræðifyrirlestrartíma sinn til að munnhögvgast við gagnrýnendur sína í blöðnum. Réðst þessi starfsmaður sérstaklega á Alþýðublaðið og ritstjórn þess.

Það má segja, að þessar óvenjulegu misfellur komi vonum síðar í ljós. Íslenzka útvarpið hefur frá upphafi látið hjá liða að framkvæma þá einu öryggisráðstöfun, sem hægt er að koma við í þessu efni. Erlendis er yfirleitt gerð sú krafa til yfirstjórnar ríkisútvarpanna, að allt efni, sem þar er flutt, sé háð fyrirframathugun bæði á efni og máli. Þykir þar við eiga að endurskoða lika mál og setningaskipun, til þess að tryggja sem bezt heppilegan flutning í útvarpinu. Hér er ætlazt til, að þingið leggi fyrir ríkisstjórnina að láta sérstaka og vel hæfa menn lesa allt útvorpsefni, áður en það er flutt, og gera á því þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Þar sem ríkisútvarpið ræðst nú í að reisa mestu og dýrustu húsakynni, sem byggð hafa verið á Íslandi, yfir starfslið sitt, er ekki lengur til að dreifa fátækt útvarpsins. Hlutleysi þess í daglegum störfum verður að sitja fyrir byggingarframkvæmdunum.